

Kynningarfundur á endurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-25

Hafnarborg 14.11.2013, kl. 17:00 (dróst til 17:20 vegna tæknilegra örðugleika)

Mætt voru ca 25 manns

Bjarki bauð fólk velkomið

Efni fundarins er endurskoðað aðalskipulag frá 2007. Skipulag verði væntanlega auglýst í janúar og staðfest í maí.

Sigríður Björk Jónsdóttir ávarpar fundinn.

Í máli hennar kom fram að aðalskipulagið markar stefnu bæjaryfirvalda. Ákveðið var á fyrsta fundi nýrrar skipulags og byggingarnefndar 22.6.2010 að fara í endurskoðun. Ýmislegt hefur breyst í samfélaginu og ný mannvirkja og skipulagslög voru samþykkt árið 2010.

Breytingar á hverfum og áherslur á umhverfismálum – Sjá bókun fundarins.

Skipaður var stýrihópur sem í sátu Sigríður Björk, Ólafur Ingi og Sigurbergur Árnason ásamt Bjarka, til að vinna að undirbúningi endurskoðunarinnar. Gildandi skipulag er til 2025 – aðalskipulag skal spanna 12 ára tímabil. Breytt áhersla á útpenslu byggðar og áhersla á umhverfismál og hverfisverndir.

Opin vinnustofa um skipulag stendur nú yfir í Hafnarborg í tengslum við endurskoðunina.

Bjarki tekur við:

Þeir sem helst hafa komið að vinnunni er Bjarki, Málfríður húsvernd, Berglind umhverfissvæði, Helga umferðamál og Elsa kortagerð.

Aðalatriði skipulagsins er að hægt verði á uppbyggingu.

Telur upp breytingarnar sem tilgreindar eru í greinargerðinni.

Varðandi kortið þá eru helst breytingar á nýjum landnotkunarreitum og breytingar á raflínum.

Bjarki rennir í gegnum greinargerðina.

Lagaramminn: Ný skipulagslög 2010 og reglugerð, en við leggjum fram endurskoðun skipulagsins samkvæmt gömlu reglugerðinni.

Helstu íbúðasvæði eru fyrst Skarðshlíð sem áður var Vellir 7, hverfi sem er þegar tilbúið til úthlutunar. Næstu byggingarsvæði eru Ásland 4, Vatnshlíð og þá Hamranes. Þessi svæði ættu að duga út skipulagstímabilið sem er fram til 2025.

Þéttingasvæði er á reit Reykjavíkurvegur/Flatahraun þar sem hluti svæðisins verður tekið undir íbúðabyggð. Þar verði blönduð byggð íbúðar, verslunar og þjónustu. Þegar er búið að þetta byggð með Skipalóni og Norðurbakka. Túlka mætti tengingu Valla og Áslands með nýjum hverfum sem þéttingu.

Fyrirspurn Guðni: varðandi mengun og þynningarsvæði álversins.

Bjarki: Brennisteinsdíoxíð á mjög afmörkuðu svæði umhverfis álverið.

Fluor og ýmsar fleiri tegundir gætu náð út fyrir núverandi þynningarsvæði, en er allt innan iðnaðarsvæða. Ný mengun er innan þess svæðis.

Miðbær:

Miðbæjarsvæði hafa alltaf sérstöðu, hafa menningarlega, fagurfræðilega og sögulega tilvísun.

Slippurinn og Flensborgarhöfn æskileg tengsl við miðbæinn. Slippurinn hluti af atvinnusögu bæjarins og menningarminjar.

Efnistöku og losunarsvæði: Hamranesnáman, þar er efnislosun til landmótunar til framtíðar útivistarsvæðis. Námur eru að miklu leiti aflagðar. Enn er námuvinnsla í landi skógræktarinnar. Óbrinnishólar úr sögunni, einnig Undirhlíðar. Stefnan að raska ekki hrauni frekar til jarðefnavinnslu. Vatnsskarðsnámur eru í landi Grindavíkur.

Opin svæði til sérstakra nota:

Nauðsynlegt er að fara að skoða nýtt svæði fyrir kirkjugarð og hefur Kjóadalur verið nefndur í því tilefni.

Nýtt svæði fyrir golfvöll hefur verið afmarkað.

Útivistarsvæði: Spannandi útivistarsvæði væri á gömlu öskuhaugunum að erlendri fyrirmynd.

Yfirborð sjávar fer hækkandi, hækkar að meðaltali um 1m á 100 árum??, lægsta byggð er leyfð með gólfhæð 4,2m

Fyrirspurn Ástvaldur: Varðandi færslu Reykjanesbrautar:

Bjarki: Vegagerðin er hætt við færslu Reykjanesbrautar til suðurs þess í stað kemur tengibraut sem auðveldar aðkomu að geymslusvæðinu.

Náttúruverndar- og hverfisverndarsvæði:

Bjarki renndi yfir lista yfir svæðin sem nú eru undir náttúru- og hverfisvernd. Nýr flokkur hefur verið nefndur Hverfisvernd F, en þar eru áhugaverð húsa og götumyndir. Hverfisverndin nær til þakforma sem hafa sérstöðu fyrir byggingasögu bæjarins, t.d. Hringbraut og Öldur. Auk þess áhugaverðar götumyndir s.s. við Austurgötu og í miðbæ, þar sem vernda ber yfirborð húsa, t.d. bárujárnshúsin. Í vesturbæ er það Skúlaskeið og suðurbæ Suðurgata 7-25 og götumynd Selvogsgötu. Varðveita þarf smágerðan mælikvarða. Í gangi er mikil skráning minja og húsa.

Breytingar verða gerðar á vatnsverndarsvæðum. Annars vegar vegna þess að fyrirhugað brunnsvæði við Straumsel stóð ekki undir væntingum og er því fellt út og breyting verður á vatnsverndarmörkum. Vatnsverndarsvæði við Mygludali er minnkað.

Samgöngukerfið. Aðalástæðan fyrir því að fallið var frá færslu Reykjanesbrautar var mikill fjöldi fornleifa og menningarminja sem eru á fyrirhuguðu vegstæði og of dýrt þótti að færa veginn í ásættanlegan farveg.

Stígakerfið: Stórátak hefur verið gert í stígagerð, markmiðið er að auka tengingar við nágretta sveitarfélögin.

Spurning úr sal varðandi mislæg gatnamót við Krýsuvíkurveg.

Helga: Gatnamótin við Krýsuvíkurveg eru á áætlun 2015, tvöföldun Reykjanesbrautar er enn í endurskoðun.

Guðni nefnir nýja útivistarstíga t.d. sunnan Hvaleyrarvatns.

Helga fjallar um strætóleiðir: Breyttar strætisvagnleiðir tengjast frístundaleiðum milli skólahverfa.

Spurning úr sal varðandi Þorlákstún.

Bjarki: Viðræður hafa staðið við Steinþór varðandi reitinn og húsið sem þangað var flutt.

Svæðisskipulagið:

Breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins gera ráð fyrir að breyta ekki ytri mörkum heildarsvæðisins.

Mannfjöldaspá fyrir Hafnarfjörð gerir ráð fyrir 2,5% fjölgun á ári. 210 nýjar íbúðir á nýbyggingarsvæðum og 40 annars staðar í bænum. Árið 2017 verður e.t.v. byrjað að reisa íbúðabyggð á Flatahraunssvæðinu.

Matskýrsla – Umhverfisskýrsla: Ekki ný skýrsla, áhersla lögð á það sem breytist, áætlun fyrir ný hverfi, byggðamynstur og fjölda.

Aðalskipulagstillagan er nú í umfjöllun hjá umsagnaraðilum, síðan opið fyrir almennar athugasemdir. Þar næst verði skipulagið samþykkt og síðan staðfest af ráðuneyti. Ferli aðalskipulagsins er lögformlegt með auglýsingum og athugasemdafresti.

Við upphaf næsta kjörtímabils verður ákveðið hvort farið verði í nýtt skipulag.

Nokkrar spurningar komu varðandi Álverið, aðalgötur og svæði.

Bjarki benti á að á þessum fundi væri beðið um athugasemdir við aðalskipulagið, s.s. heildarmyndina og götutengingar sem þar koma fram.

Fundi lauk kl. 18:45